



Til: Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps <skipulag@djupivogur.is>
Efni: Re: Bragðavellir - Snædalsfoss - deiliskipulag
Upplýsingar: Sent: 24.01.2020 13:50:37 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019120024, Málalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2019120024

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Djúpavogshreppi, dags. 12. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi við Snædalsfoss í landi Bragðavalla, Djúpavogshreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur skoðað framangreinda deiliskipulagstillögu eins og hún er kynnt í gögnum málsins og gerir stofnunin ekki athugasemd við tillöguna né markmið hennar. Stofnunin hefur því miður ekki haft tækifæri til að skoða aðstæður á vettvangi og getur því ekki dæmt, út frá innsendum myndum, hvort ákvæði í b. lið 61. gr. náttúruverndarlaga sé uppfyllt þ.e. að sýn að fossinum eða nánasta umhverfi hans spillist ekki. Eins og kemur fram í greinargerði hefur verið reynt að hanna stíga/tröppur þannig að bæði efni þeirra og staðsetning hafi sem minnst áhrif á landslag svæðisins. Meðal annars er lagt til að stígur að fossinum fylgi slóðum sem þegar hafa myndast. Útfærsla á stíg í grjóturð virðist einnig vera þannig að hægt sé að leggja/ fjarlægja „stíginn“ /palla án þess að spilla grjóturðinni sem er hluti af umgjörð fossins.

Ferðamenn sækjast gjarnan eftir er að sjá sem óskertasta mynd af fossum m.a. til að mynda þá. Þetta sjónarmið fer vel saman við náttúruvernd og framangreint ákvæði um að ásýnd að fossum og nánasta umhverfi þeirra sé ekki spillt. Þar sem stofnunin hefur ekki skoðað aðstæður á staðnum er lagt til að áður en endanleg ákvörðun er tekin, um stíga næst við fossinn, þá sé vandlega skoðað hvort ásýnd að Snædalsfossi raskist eða hvort gera megi betur, ef þörf er á því, t.d. þar sem stígur liggur í grjóturð, mynd á bls. 12 í greinargerð. Eins og áður segir er erfitt að dæma út frá myndum hver endanleg niðurstaða verður en svo virðist sem ásýnd spillist minna eða ekki af hluta stígsins sem er sýndur á efri mynd á bls. 13.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps <skipulag@djupivogur.is>

Dags: 12/23/2019 10:51:05 AM

Til: HAUST <haust@haust.is>, Hákon Hansson <hih@eldhorn.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>, Þuríður Elísa Harðardóttir <thuridur@minjastofnun.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>

Efni: Bragðavellir - Snædalsfoss - deiliskipulag

Til þess er málið varðar

Á fundi sveitarstjórnar Djúpavogshrepps 12. desember 2019 var eftirfarandi bókun samþykkt:

5. Skipulags- og byggingamál

a) Bragðavellir – Snædalsfoss – deiliskipulag

Tillaga að deiliskipulagi (dags. 10. desember 2019) lögð fram og samþykkt til auglýsingar og umsagna stofnana. Skipulagsfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.

Óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Greinargerð: https://www.dropbox.com/s/v620q5tfc4s3wpt/20191210%20Sn%C3%A6dalsfoss_DSK_Greinarger%C3%B0.pdf?dl=0

Uppdráttur: https://www.dropbox.com/s/egglytj4q99ex4b/20191205_Sn%C3%A6dalsfoss_DSK_Uppdr%C3%A1ttur.pdf?dl=0

Óskað er eftir að umsögn berist skriflega til skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á netfangið skipulag@djupivogur.is, eigi síðar en 24. janúar 2020.

F.h. skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps,

Páll Jakob Líndal